

Tillaga að lagabreytingum fyrir aukaaðalfund 2020

1. Tillaga að lagabreytingum

Greinar 8.0 og 8.1
Árgjald og gjalddagar

Greinin eins og hún er nú	Tillaga
<p>8.0. Árgjald</p> <p>Öll aðildarfélög BHM greiða árgjald til bandalagsins sem aðalfundur ákveður. Árgjald er samsett annars vegar af fastri upphæð sem greidd er óháð stærð félags og hins vegar gjald sem reiknast sem hlutfallstala af launum hvers félagsmanns viðkomandi félags. Ákvörðun um árgjald tekur að jafnaði gildi fyrsta dag reikningsárs eftir aðalfund BHM.</p> <p>8.1. Gjalddagar</p> <p>Gjalddagi fastagjaldsins er í mars ár hvert en hlutfallslega gjaldið skal greiða mánaðarlega.</p>	<p>8.0. Aðildargjald</p> <p>Öll aðildarfélög greiða aðildargjald til bandalagsins sem aðalfundur ákveður.</p> <p>Aðildargjald reiknast þannig:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fast árgjald fyrir hvern félagsmann viðkomandi aðildarfélags. • Hlutfall af heildarlaunum hvers félagsmanns viðkomandi aðildarfélags. <p>Aðalfundur getur ákveðið að hvert aðildarfélag greiði að lágmarki tiltekna fjárhæð aðildargjalds.</p> <p>Aðalfundur getur ákveðið að veittur skuli afsláttur af föstu árgjaldi aðildarfélags þegar tilteknum fjölda félagsmanna er náð.</p> <p>Ákvörðun um aðildargjald tekur gildi fyrsta dag reikningsárs eftir aðalfund BHM.</p> <p>8.1. Gjalddagar</p> <p>Aðildargjöld skulu greidd eigi síðar en 15. dag hvers mánaðar.</p>

Greinargerð:

Á fundi sínum þann 30. september 2020 fól formannaráð BHM lagabreytinganefnd að taka til skoðunar 8. gr. laga bandalagsins og gera tillögu að breytingum til samræmis við fram komna tillögu um breytta samsetningu aðildargjalda BHM. Meðfylgjandi er tillaga nefndarinnar sem naut við vinnu sína aðstoðar Ragnars H. Hall hrl.

Lagt er til að heiti greinar 8.0 sé breytt og það verði *aðildargjald* í stað *árgjalds*. Telur nefndin það nákvæmara heiti á greininni.

1. mgr. er óbreytt.

Í **2. mgr.** er lagt til að aðildargjöld verði samsett af annars vegar föstu árgjaldi og hins vegar hlutfalli af heildarlaunum hvers félagsmanns aðildarfélags.

Í **3. mgr.** er lagt til að aðalfundur geti ákveðið að hvert aðildarfélag greiði að lágmarki tiltekna fjárhæð í aðildargjald til bandalagsins og er sú lágmarksfjárhæð miðuð við heildarsummu fasts árgjalds og hlutfalls af heildarlaunum.

Í **4. mgr.** er lagt til að aðalfundur geti ákveðið að veittur skuli afsláttur af föstu árgjaldi aðildarfélags í samræmi við fjölda félagsmanna.

5. mgr. er óbreytt.

Lagt er til að **gr. 8.1** sé orðuð þannig að aðildargjöld séu greidd eigi síðar en 15. hvers mánaðar. Í framkvæmd er gert ráð fyrir að innheimta verði óbreytt þannig að bókunar- og innheimtumiðstöð BHM dregur það frá greiddum skilagreinum. Árgjaldið og viðmið því til grundvallar (fjöldi félagsmanna) er útfært í tillögu til aðalfundar og innheimt af BHM.